

Þriðjudaginn 14. apríl 1987.

Nr. 108/1987. **Anna Sigríður Guðmundsdóttir og Sveinn Ívarsson**

gegn

**Hafliða Guðjónssyni
Björgu Árnadóttur og
Rolant Dahl Christiansen**

Kærumál. Synjun á framlagningu skjala felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðilar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. mars 1987 er barst Hæstarétti 26. s.m. Krefjast þeir þess að hnekkt verði synjun bæjarþings Reykjavíkur á því að tiltekið skjal verði lagt fram. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili Hafliði Guðjónsson höfðaði mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur varnaraðilum Björgu Árnadóttur og Rolant Dahl Christiansen með stefnu 23. desember 1986 til greiðslu á 3.445.000,00 krónum ásamt vöxtum og til staðfestingar á löghaldi sem fram fór 16. desember 1986 og var málið þingfest 8. janúar sl. Sóknaraðilar stefndu öllum aðilum máls þessa til þess að þeim yrði dæmt skylt að hlíta meðalgöngu sóknaraðila í málinu, að synjað yrði um staðfestingu á áðurnefndu löghaldi og að málsaðilum yrði gert að greiða sóknaraðilum málskostnað. Lagði lögmaður sóknaraðila stefnuna fram við þingfestingu áðurnefnds bæjarþingsmáls.

Stefnandi og stefndu í bæjarþingsmálinu, þ.e. varnaraðilar í þessu hæstaréttarmáli, kröfðust þess að meðalgöngusökinni yrði vísað frá. Um þá kröfu fór fram munnlegur málflutningur á bæjarþinginu 5. f.m. Í upphafi málflutningsins krafðist lögmaður sóknaraðila að fá að leggja fram ljósrit af bréfi Sigurðar G. Guðjónssonar héraðsdómslögmanns til Sigurðar Sveinssonar borgarfogeta 19. desember 1986. Lögmaður stefnanda, varnaraðila Hafliða Guðjónssonar, mótmælti framlagningu skjalsins og synjaði dómurinn þá að skjalið yrði lagt fram á þessu stigi málsins. Hélt munnlegur málflutningur síðan áfram.

Í greinargerð lögmanns sóknaraðila eru ítrekaðar kröfur þeirra sem uppi voru hafðar í kærinni, en því bætt við þær, „að þá um leið verði ómerkt þinghaldið frá þeim tíma er synjunin fór fram.“

Telja verður að kæra máls þessa til Hæstaréttar sé heimil samkvæmt f-lið 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Eigi var loku skotið fyrir að umrætt skjal gæti skipt máli við úrlausn frávisunarkröfunnar. Í gögnum málsins kemur fram, að dómari innti umboðsmenn aðila ekki eftir því hvort lokið væri gagnasöfnun um frávisunarkröfuna og ekki verður séð að umboðsmaður sóknaraðila hafi lýst yfir að svo væri. Þykir því rétt að fella synjun dómara á viðtöku skjalsins úr gildi. Ekki þykja efni til að fallast á ómerkingarkröfu sóknaraðila.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Synjun héraðsdómara á því að leggja fram framangreint skjal er felld úr gildi.
